



Gjaldskrá Ferskt neysluvatn

Nr. 26
1. janúar 2021

I. KAFLI

1.gr.

HS Veitur hf. selja afnot af fersku neysluvatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2.gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til eðlilegra heimilisnota og annarra nota almennt.

Vatnsrennsli að húsi, þar sem um notkunargjald er að ræða, verður mælt með þar til gerðum magnmælum.



II. Kafli

3.gr

Fyrir afnot ferska neysluvatnsins skal húseigandi greiða vatnsgjald samkvæmt álagningu eins og lýst er í gjaldskrá þessari. Vatnsgjald er lagt á eiganda fasteigna á veitusvæði HS Veitna hf. í upphafi árs.

Vatnsgjald á Suðurnesjum

Vatnsgjald er reiknað sem fermetragjald á húsnæði í flokki A, B, C og 0	198,00 kr./m ²
Fastagjald er greitt til viðbótar fermetragjaldi á húsnæði í öllum flokkum	5.300,00 kr. pr eign

Vatnsgjald í Vestmannaeyjum

Vatnsgjald er reiknað sem fermetragjald á húsnæði í flokki A	173,00 kr./m ²
en þó aldrei hærra en sem nemur 0,5% af fasteignamati eignar.	
Vatnsgjald er reiknað af fasteignamati húsnæðis í flokkum B, C og 0	0,207%

Gjalddagi vatnsgjalds er 31. janúar ár hvert, nema fjárhæð vatnsgjaldsins sé hærra en 20.000 krónur, en þá er vatnsgjaldinu skipt í 11 mánaðarlega gjalddaga, með fyrsta gjalddaga 31. janúar og þann síðasta á gjalddaga 30. nóvember. Eindagi vatnsgjalds og einstakra gjalddaga er 15 dögum eftir gjalddaga. Gjaldandi getur hvenær sem er greitt vatnsgjald yfirstandandi árs að fullu.

Verði vanskil á einum gjalddaga er HS Veitum heimilt að gjaldfella alla skuldina án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar. Hið sama á við ef fasteign sem vatnsgjald sem álagning er vegna er seld. Sé skuld vegna vatnsgjalds gjaldfelld er heimilt að reikna dráttarvexti á alla skuldina frá síðasta gjalddaga sem var í skilum

Reikningur eða prentaður greiðsluseðill er ekki sendur vegna vatnsgjalds nema þess sé sérstaklega óskað, en greiðslutilmæli birtast í heimabanka gjaldanda.

4.gr

Notkunargjald skal greitt samkvæmt magnmæli. Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætla HS Veitur vatnsnotkunina með hliðsjón af vatnspörf sambærilegra húsa eða starfsemi.

Kalt vatn á Suðurnesjum

V1, 2, 3 ...almenn notkun...(Notkunargjald)	20,26 kr. Pr.m ³
(gjaldið tekur breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert m.v. byggingarvísitölu)	

Kalt vatn í Vestmannaeyjum

VV1 ... Íbúðanotkun (Notkunargjald).....	114,47 kr. Pr.m ³
VV2Hafnarsjóður (Notkunargjald).....	80,08 kr. Pr.m ³
VV3Almenn notkun (Notkunargjald).....	114,47 kr. Pr.m ³
(gjaldið tekur breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert m.v. byggingarvísitölu)	



Mælaleiga vegna notkunargjalds

HS Veitur hf. leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

Mælaleiga:

V15	Mælir 15 mm	15.442,00 *
V20	Mælir 20 mm	15.442,00 *
V32	Mælir 32 mm	20.075,00 *
V40	Mælir 40 mm	22.392,00 *
V50	Mælir 50 mm	27.024,00 *
V65	Mælir 65 mm	32.814,00 *
V80	Mælir 80 mm	44.396,00 *
V100	Mælir 100 mm og stærra	86.863,00 *

(*gjaldið tekur breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert m.v. byggingarvísitölu)

6.gr

Notkunargjald og mælaleigu skv. 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega.

7.gr.

Gjalddagi notkunargjalda og mælaleigu er útgáfudagur reiknings, en eindagi 15 dögum síðar. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd fyrir eindaga.

8.gr.

Heimæðargjald ferskvatns veitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Heimæðagjald:

Heimæð	32 mm	317.309 *
Heimæð	40 mm	444.232 *
Heimæð	50 mm	634.616 *
Heimæð	63 mm	899.040 *
Heimæð	75 mm	1.216.349 *
Heimæð	90 mm	1.586.542 *
Heimæð	110 mm	2.221.159 *
Heimæð	Bráðabirgðatenging	84.616 *

(*gjaldið tekur breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert m.v. byggingarvísitölu)

Ef húseigandi óskar eftir að fá fleiri en eitt ferskvatnskerfi í húsið með sérstökum mælum frá HS Veitum hf., skal hann greiða kr. 38.943,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

9.gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft.

Gjalddagi heimæðargjalds er útgáfudagur reiknings, en eindagi 15 dögum síðar. Það eru vanskil, ef gjöldin



III. Kafli

10.gr.

Vatnsgjaldi og heimæðargjaldi, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga.

11.gr.

HS Veitur hf. hafa rétt og heimild til að loka aðrennsli vatns að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða notkunargjöld, heimæðargjald eða vatnsgjald.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með minnst 30 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur. Lágmarksgjald er 7.214,00 kr. auk 24,0% virðisaukaskatts samtals kr. 8.945,00 í hvert sinn sem tilkynningu um að beita eigi lokun er ekki sinnt innan framangreinds frests.

12.gr

Eftirlitsmanni HS Veitna skal, hvenær sem er, skal veittur frjáls aðgangur að öllum mælitækjum og vatnsæðum, sem eru eða hafa verið í sambandi við veituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun vatnsins.

IV. Kafli

13.gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 33/2004.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af stjórn HS Veitna hf.